

The background of the cover features a vintage typewriter in the upper left and a modern laptop keyboard in the lower right. Hands are shown typing on both. The typewriter is dark with gold-colored keys, and the laptop is silver with black keys. The entire scene is set against a dark blue background.

ELÍNBOG RAGNARSDÓTTIR
SÓLVEIG EINARSDÓTTIR

Skáld skrifa þér

*– brot úr bókmenntasögu
frá 1920 til nútímans*

KENNSLULEIÐBEININGAR
OG VERKEFNI

Efnisyfirlit

Kennsluleiðbeiningar og verkefni með *Skáld skrifa þér* • 4

Tímabilið 1920-1930 • 6

Félagslegt raunsæi 1930-1950 • 8

Móðernisminn 1950-1970 • 12

Bókmenntir eftir 1968 • 17

Kennsluleiðbeiningar og verkefni með *Skáld skrifa þér*

Markmiðin með kennslubókinni *Skáld skrifa þér*, sem nær yfir tímabilið 1920 til nútímans, eru í grófum dráttum eftirfarandi:

- Áhersla er lögð á að gera bókmenntasöguna aðgengilega fyrir nemendur og að hafa framsetningu efnisins þannig að það höfði til þeirra.
- Til að miðla fræðslu og fróðleik og færa efnið nær nemendum er sendi-bréfaformið meðal annars notað. Höfundar hafa fengið til liðs við sig tíu íslenska nútímahöfunda sem ýmist skrifa nemendum eða horfnum skáldum bréf og varpa með því ljósi á eigin samtíma og verk eða þess skálds sem þeir skrifa til.
- Efnið er úrval og gefur nemendum innsýn í helstu strauma og stefnur hvers tímabils en er ekki tæmandi úttekt á íslenskri bókmenntasögu.
- Efnið er einnig hægt að nýta til þess að vinna að ýmiss konar skapandi verkefnum með nemendum, til dæmis í ritun, og telja höfundar sig þannig ná að sameina kennslu um bókmenntaarfinn og söguna, jafnframt því sem nemendur eru þjálfaðir í að nota íslenskt nútímamál.
- Í verkefnum með námsefninu er jafnframt lögð áhersla á að nemendur skilji það sem um ræðir hverju sinni og dragi sjálfstæðar ályktanir af þeim textum sem unnið er með.

Hér fylgja kennsluleiðbeiningar með *Skáld skrifa þér* sem kennari getur nýtt sér við yfirferð á efninu. Bent er á ýmsar leiðir til að vinna með efnið þar sem unnið er með megintexta, bréf og textadæmi en jafnframt lögð áhersla á skapandi vinnu með náms-efnið.

Þar sem ekki er vinnandi vegur að gera öllum höfundum skil í námsefninu fylgir því nokkuð ítarlegt skáldatal sem kennarar hafa val um hvort og hvernig þeir nýta.

FYLGJ ÚR HLAÐI

Lestu vel bréfið frá Guðmundi Andra Thorssyni á bls. 11.

1. *Segðu stuttlega frá efni bréfsins?*
2. *Ertu sammála niðurstöðu Guðmundar Andra í bréfinu?*
3. *Hvernig myndir þú lýsa hugtakinu sæmd?*

Tímabilið 1920-1930

Í þessum kafla er vert að benda nemendum á að þau skáld sem nefnd eru til sögunnar voru að ýmsu leyti á undan sínum tíma í ljóðagerð og vekja athygli þeirra á því fyrir hvað þeir Jón Thoroddsen, Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson stóðu á þessum tíma.

Ekki er úr vegi að kynna fyrir nemendum orðið ‚deigla‘ sem stundum er notað um nokkur skáld þessa tímabils og undirstrikar að ljóðskáldin ungu höfðu áhuga á að vinna með nýjar áherslur í ljóðagerð, bæði hvað varðar efni og form.

Upplagt er að láta nemendur setja sig í spor þessara ungu frumlegu skálda og yrkja ljóð í svipuðum dúr, heimfærð upp á þeirra eigin samtíma. Einnig er vert að hvetja til umræðna um stöðu ungskáldanna í þeim ljóðheimi sem var við lýði í kringum 1920.

Verkefnin sem hér fylgja taka bæði til spurninga úr megintexta en leggja jafnframt áherslu á skapandi vinnu nemenda.

VERKEFNI ÚR MEGINTEXTA

Lestu vel kaflann um tímabilið 1920-1930 og svaraðu eftirfarandi spurningum.

1. *Hvers vegna hefur tímabilið milli 1920-1930 stundum verið kallað „deiglan“?*
2. *Í hvaða anda voru ljóðin í ljóðabók Jóns Thoroddsen, *Flugur*, og hvernig útskýrði hann nafngiftina á bókinni?*
3. *Lestu ljóðin úr *Flugum* á bls. 14. Hverju finnst þér Jón vera að lýsa?*
4. *Hvað einkenndi ljóð „deigluskáldanna“ og hvers vegna voru ekki allir hrifnir af kveðskap þeirra?*
5. *Lestu upphafið á ljóðinu *Únglingurinn í skóginum* eftir Halldór Laxness á bls. 15 (allt ljóðið er birt á bls. 18–21). Ef þú ættir að lýsa ljóðinu í þremur orðum hvaða orð myndir þú nota? Rökstyddu svarið.*
6. *Hvernig ljóð sagðist Halldór sjálfur vilja yrkja þegar hann orti *Únglinginn*, sbr. svar hans á bls. 16?*
7. *Hvaða skoðun hafði Þórbergur Þórðarson á nýrómantískri ljóðagerð?*
8. *Hvers vegna gaf Þórbergur út ljóðakverin *Hálfir skósólar* og *Spaks manns spjarir*?*

9. Lýstu stuttlega þeirri listastefnu sem kölluð hefur verið súrrealismi?

10. Hvers vegna er sagt að „deigluhöfundarnir“ hafi að vissu leyti verið langt á undan sínum tíma?

SKAPANDI VERKEFNI

„Fluguverkefni“

Vinnið ein eða í pörum.

Hugsið ykkur stemningu eða atburð sem er ykkur minnisstæður. Semjið um það stutt stemningsljóð í anda Flugnanna hans Jóns.

Únglingurinn í bænum

Vinnið þrjú til fjögur saman

- *Hvað finnst hópnum gera ljóð að ljóði? Nefnið dæmi.*
- *Skóðið Únglinginn í skóginum eftir Halldór Laxness á bls. 18–21. Er eitthvað ljóðrænt við textann, t.d. stuðlar, rím, myndmál, andstæður, endurtekningar o.fl.? Ef svo er, nefnið dæmi.*
- *Búið til texta í svipuðum dúr og kallið hann Únglinginn í bænum. Flytjið hann með tónlist að eigin vali í bakgrunni.*

VINNA MEÐ TEXTADÆMI Á BLS. 18–23

1. Lestu ljóðið *Fútúrískar kveldstemningar* eftir Þórberg Þórðarson og reyndu að skynja það frekar en að skilja.
 - *Hvað er það sem þér dettur fyrst í hug? Nefndu eitthvað þrennt.*
2. Lestu stemningsljóðið *Hatturinn* eftir Jón Thoroddsen.
 - *Hvernig skilur þú lokaorðin í ljóðinu?*

Félagslegt raunsæi 1930–1950

Þegar komið er að þessu tímabili er af mörgu að taka og verður kennari óhjákvæmi-lega að velja. Nauðsynlegt er að setja stefnuna í samfélagslegt samhengi þannig að nemendur geti sett sig betur í spor þeirra sem settu mark sitt á tímabilið. Hægt er að gera það með ýmsum hætti, vera með stiklur á glæru og umræður; sýna myndbrot frá þessum tíma, bæði utan úr heimi og frá Íslandi, og svo má lengi telja.

Verkefni sem hér fylgja leggja áherslu á að nemendur lesi vel efnið og vinni úr því staðreyndir jafnframt því að draga ályktanir og vinna með textabrot í megintext- anum. Höfundum er jafnframt keppikefli að nemendur vinni með sendibréfin, lesi þau vel, setji sig í spor bréfitara og þess sem bréfið fær og sendi jafnvel bréf til baka. Einnig getur verið vel til fundið að láta nemendur lesa upphátt úr bréfunum.

Mikilvægt er að nemendur skoði textadæmi, ráði í merkingu og fái svigrúm til að spá, spekúlera og túlka. Loks eru nemendur hvattir til að semja sjálfir ljóð eða lausa- málstexta með samfélagslegan bakgrunn nútímans í huga.

VERKEFNI ÚR MEGINTEXTA OG BRÉFUM

1. Lestu vel kaflann sem heitir *Samfélagslegur bakgrunnur* á bls. 25–27.
 - *Yfir hvaða tímabil náði sú bókmenntastefna sem kölluð hefur verið félags- legi raunsæi?*
 - *Hvaða atburðir utanlands mótuðu stefnuna hérna heima? Nefndu tvennt.*
 - *Hvers vegna urðu til Reykjavíkursögur á þessum tíma?*
2. Lestu vel kaflann sem heitir *Sveit og borg* á bls. 26.
 - *Um hvað skrifaði Indriði G. Þorsteinsson, faðir Arnaldar Indriðasonar, gjarnan?*
 - *Um hvað fjalla sögur Guðrúnar frá Lundi helst?*
 - *Hvaða rithöfundur samdi skáldsögu 1950 þar sem vandræðaunglingur kemur við sögu og hvað hét sagan?*
3. Lestu vel kaflann sem heitir *Skáldin og bætt kjör alþýðunnar* á bls. 26–27.
 - *Hvers vegna voru mörg ljóð frá þessum tíma hvatningar- og baráttuljóð?*

- *Skoðaðu erindið á bls. 40. Við hvern er talað og hvað er verið að boða?*
 - *Nefndu tvö ljóðskáld frá þessum tíma sem ortu baráttuljóð?*
4. Lestu vel umfjöllunina um Halldór Laxness á bls. 27–31.
- *Hvaða tilfinningar bar Halldór til skólans? Geturðu samsamað þig við hann á einhvern hátt? Ef svo er, hvernig?*
5. Lestu vel bréf Auðar Jónsdóttur, barnabarns Halldórs, til afa síns á bls. 31.
- *Halldór og dótturdóttir hans, Auður, eru báðir rithöfundar en voru uppi á ólíkum tímum. Hvað er það helsta sem er ólíkt í aðstæðum þeirra og umhverfi?*
 - *Hvernig virðist samband þeirra hafa verið?*
 - *Hvernig höguðu þau sér á ólíkan hátt sem rithöfundar, það er að segja hvernig fengu þau hugmyndir, hvernig fjármögnuðu þau skrifin o.fl.?*
6. Lestu umfjöllunina um Þórberg á bls. 33–35.
- *Ef þú ættir að lýsa honum með fjórum lýsingarorðum (þó ekki þeim sem eru í bókinni), hvaða orð myndir þú nota?*
7. Lestu bréf Péturs Gunnarssonar til Þórbergs á bls. 35–37.
- *Hver er þín upplifun af bréfinu og hvað hreif þig mest í því?*
 - *Skrifaðu stutta lýsingu á Þórbergi sem byggir á bréfi Péturs.*
8. Lestu tilvitnanirnar í Þórberg á bls. 37 og veldu þér eina sem þér finnst flottust.
- *Af hverju valdirðu hana?*
9. Lestu umfjöllunina um Unuhús og mæðginin Unu og Erlend á bls. 38–39.
- *Hvaða mannkosti finnst þér þau hafa að geyma? Þekkir þú einhverja(r) manneskju(r) sem þér finnst minna á þau? Rökstyddu svarið.*
10. Lestu umfjöllunina um Gunnar Gunnarsson á bls. 46–47.
- *Nefndu tvennt sem þér finnst athyglisvert.*
11. Lestu ljóðið eftir Stein Steinarr, Að sigra heiminn, sem er á bls. 44.
- *Hvernig túlkar þú vísuna?*
 - *Hvaða skilaboð eru í erindinu eftir Stein á bls. 43-44 og hverjum eru þau ætluð?*
12. Lestu erindin á bls. 43 og á bls. 44.
- *Hvað eiga þau sameiginlegt?*

13. Lestu umfjöllunina um Málfríði og Jakobínu á bls. 49–53.

- *Veldu tvennt úr hvorri lýsingu fyrir sig sem þér finnst athyglisvert og greindu frá af hverju þú velur þessi tilteknu atriði.*

14. Lestu ljóðið *Austurstræti* á bls. 54.

- *Hvers konar stemningu er Tómas Guðmundsson að lýsa í ljóðinu? Getur þú samsamað þig við eitthvað í ljóðinu? Ef svo er, hvað er það þá helst?*

15. Lestu lýsingarnar af Tómasi og Davíð á bls. 53–56.

- *Hvað eiga Tómas og Davíð sameiginlegt? Er eitthvað sem skilur þá að?*

SKAPANDI VERKEFNI

Skapandi skrif

Veljið ykkur form, þ.e. ljóð eða örsögu.

Ef valið er ljóð:

1. *Setjið ykkur í spor ljóðskálds á tíma félagslega raunsæisins.*
2. *Ljóðskáldið er miður sín yfir hlutskipti alþýðunnar sem er þrautpínd af þeim ríku og á oft á tíðum ekki krónu.*
3. *Semjið baráttuljóð sem ætlað er til að hvetja alþýðuna til að rísa upp gegn bágunum kjörum sínum. Ljóðið má innihalda rím og ljóðstafi (stuðla og höfuðstafi) en setjið þó efni ljóðsins í forgrunn.*

Ef valin er örsaga:

1. *Setjið ykkur í spor rithöfundar á tíma félagslega raunsæisins sem er sama sinnis og ljóðskáldið.*
2. *Veljið annaðhvort eina af eftirfarandi byrjunum, eða búið til ykkar eigin, og semjið örsögu (mjög stutta smásögu) sem er um hálf til ein blaðsíða um einstakling sem er minnimáttar í samfélaginu. Búið til óvæntan endi á söguna.*

Byrjun a: Þegar ég sá skelfinguna í augum hennar . . .

Byrjun b: Hún hafði alltaf haldið að svona ætti lífið að vera . . .

Byrjun c: Maðurinn rétti fram höndina og tók . . .

Skapandi skrif

Veldu annað hvort:

1. *Semdu stutt ljóð (2-3 erindi) um götuna sem þú ólst upp í. Reyndu að hafa ljóðið rímað en leggðu þó höfuðáherslu á að fanga stemninguna í götunni þegar þú varst að alast upp.*
2. *Semdu stutt ljóð (2-3 erindi) um Reykjavík eða þann bæ sem þú ólst upp í. Reyndu að hafa ljóðið rímað en leggðu þó höfuðáherslu á að fanga stemninguna í borginni eða bænum þegar þú varst að alast upp.*

VERKEFNI ÚR TEXTADÆMUM Á BLS. 58–69

3. Lestu ljóðið *Ég hylli* eftir Jóhannes úr Kötlum á bls. 58–59.
 - *Hvað bindur Jóhannes vonir við í ljóðinu?*
 - *Hvers vegna telur þú að hann nýti sér svona mikið endurtekningar?*
4. Lestu ljóðið *Verkamaður* eftir Stein Steinarr á bls. 60.
 - *Búðu til örstutta sögu um verkamanninn sem byggir á ljóði Steins.*
5. Lestu textabrotið eftir Þórberg Þórðarson á bls. 61–62.
 - *Hvers vegna kemst hann að þeirri niðurstöðu að allir auðmenn séu ræningjar? Svaraðu með því að vísa í ljóðið.*
6. Lestu ljóðið *Dalur nyrðra* eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson á bls. 62.
 - *Hvernig er hægt að sjá í ljóðinu að Ólafur Jóhann var mikill náttúruunnandi?*
7. Lestu brotið úr verkinu *Samastaður í tilverunni* eftir Málfríði Einarsdóttur á bls. 63.
 - *Lýstu með þínum eigin orðum hvers konar tilveru Málfríður er að lýsa.*
8. Lestu *Hvað tefur þig bróðir?* eftir Jakobínu Sigurðardóttur á bls. 63–64.
 - *Hvern ávarpar Jakobína í ljóðinu og hvað vill hún að viðkomandi geri? Lýstu því stuttlega.*
9. Lestu textana sem eru á bls. 65–69.
 - *Veldu þér tvö ljóð sem þér finnst höfða til þín og greindu frá því hvers vegna svo sé.*
 - *Finndu tvö lög á Youtube við texta eftir Davíð Stefánsson og/eða Tómas Guðmundsson.*
 - *Hvaða ljóð og lög valdirðu?*
 - *Hvers vegna urðu þessi verk fyrir valinu?*

Móðernisminn 1950–1970

Þegar kemur að móðernismanum kveður við annan tón í skáldskap og listum. Náms-efnið leggur áherslu á að kalla til sögunnar sporgöngumenn stefnunnar, atómskáldin. Því er fylgt eftir með skáldum sem á eftir komu og nemendur hvattir til að setja sig inn í ljóðheim þessara forvígismanna móðernismans.

Lögð er áhersla á hlut kvenna og að fá nemendur til að setja sig í spor þeirra og hinnar feminísku baráttu sem fór á fullt skrið á tímabilinu. Hægt er að láta nemendur afla sér upplýsinga á netinu um stöðu kvenna á þessum tíma.

Eftir sem áður eru sendibréf notuð til að færa efnið nær nemendum og gera það persónulegra um leið og bréfin varpa ljósi á samtíma bréfitara sem og þess sem fær bréfið.

Í námsefninu heyrir einnig rödd skálda sem um sumt voru utangarðs á sínum tíma. Skáld eins og Ásta Sigurðardóttir og Dagur Sigurðarson fá bréf frá nútímahöfundum og með umræðum og verkefnum er hægt að hvetja nemendur til að setja sig í spor listamannanna.

Verkefni sem fylgja stefnunni leggja áherslu á að nemendur vinni þannig með efnið að þeir dragi ályktanir og nefni það sem þeim finnst áhugavert. Textabrotin í megintextanum gegna lykilhlutverki því að með því að rýna í þau fá nemendur meiri tilfinningu fyrir því hvað skáldin stóðu fyrir og í hvaða samhengi verkin voru samin.

Loks er nauðsynlegt að kynna fyrir nemendum textadæmin í bókinni og leggja áherslu á að nemendur túlki og geri sumt að sínu. Auðvitað getur kennari vísað ákveðinn veg en reynslan hjá höfundum þessa námsefnis er sú að nemendur tengi best við verkin ef þeim er gefið svigrúm til að upplifa sjálfir hvað sagt er.

Eftir sem áður er lögð áhersla á skapandi vinnu nemenda með ýmsum verkefnum.

VERKEFNI ÚR MEGINTEXTA OG BRÉFUM

1. Lestu vel kaflann sem heitir *Samfélagslegur bakgrunnur* á bls. 71–72.
 - *Hvers vegna lituðust bókmenntirnar á þessum tíma að sumu leyti af ótta og vonbrigðum?*
 - *Hvað einkenndi atómljóð og hvers vegna fóru þau í taugarnar á sumum í kringum 1950?*
 - *Um hvað ortu atómskáldin gjarnan?*

2. Lestu kynninguna á fyrstu atómskáldunum á bls. 73.
 - **Veldu tvö athyglisverð atriði úr lýsingunum á eftirfarandi skáldum.**
Jón úr Vör
Stefán Hörður Grímsson
Einar Bragi
3. Lestu ljóðin á bls. 74–75 og notaðu þrjú orð sem þér finnst lýsa best stemningu eða umfjöllunarefni ljóðanna.
4. Lestu ljóðbrotið eftir Einar Braga á bls. 76.
 - **Hvers konar myndmál notar Einar Bragi í ljóðbroti sínu neðst á bls. 76 til að búa til stemningu?**
 - **Hvaða mynd sérðu fyrir þér þegar þú lest ljóðbrotið?**
5. Lestu umfjöllunina um Hannes Pétursson og Þorstein frá Hamri á bls. 81–83 en þeir komu í kjölfar fyrstu atómskáldanna.
 - **Hvað er líkt með þeim?**
 - **Hvað er ólíkt með þeim?**
6. Lestu ljóðið *Liðsinni* eftir Þorstein frá Hamri á bls. 83.
 - **Reyndu að handsama í einu orði það sem Þorsteinn er að fjalla um í ljóðinu sínu.**
7. Lestu umfjöllunina um Guðberg Bergsson á bls. 86–88.
 - **Veldu fjögur atriði sem þér finnst athyglisverð.**
8. Lestu textann eftir Guðberg á bls. 87–88.
 - **Hvaða aðstæðum er hann að lýsa? Hvernig finnst þér lýsingin? Rökstyddu svarið.**
9. Lestu umfjöllunina um Svövu Jakobsdóttur á bls. 89–91.
 - **Veldu úr henni fjögur atriði sem þér finnst áhugaverð.**
10. Lestu bréf Unnar Jökulsdóttur til Svövu frænku sinnar á bls. 91–92.
 - **Nefndu fjögur atriði úr því sem hrifu þig mest.**
11. Lestu bréf Einars Ólafssonar til Ástu Sigurðardóttur á bls. 93–94.
 - **Hvernig lífi hefur Ásta lifað að þínu mati og hvaða hæfileikum hefur hún verið búin?**
12. Lestu umfjöllunina um Dag Sigurðarson á bls. 95–97 og bréf Braga Ólafssonar um hann.
 - **Semdu stutta mannlýsingu á Degi eins og hann kemur þér fyrir sjónir í þessum lýsingum.**

SKAPANDI VERKEFNI

Ljóðaveggspjald

Unnið er í hópum.

Allir vinna verkefni á veggspjald sem síðan verður fundinn staður á veggjum skólans. Skoðið og lesið vel kaflann um módernismann á bls. 71 og áfram. Hver hópur dregur um eitt af eftirfarandi skáldum. Finnið ljóð eftir viðkomandi skáld í heftinu.

Jón úr Vör

Stefán Hörður Grímsson

Einar Bragi

Snorri Hjartarson

Hannes Pétursson

Þorsteinn frá Hamri

Hannið ljóðaveggspjald sem á að innihalda:

- *ljóðið sjálft*
- *ykkar eigin hugleiðingu út frá ljóðinu*
- *myndræna útfærslu af ljóðinu*
- *mynd og örstutt æviágrip þess ljóðskálds sem um ræðir*

Reynið að hafa veggspjöldin ykkar sem mest skapandi, litrík, lifandi, hugmyndarík og skemmtileg.

Sendibréf

Skrifaðu Svövu Jakobsdóttur stutt bréf (hálf til ein blaðsíða) þar sem þú segir henni í stórum dráttum frá stöðu konunnar í dag á Íslandi. Reyndu að hafa bréfið hnitmiðað en um leið persónulegt.

VINNA MEÐ TEXTADÆMI Á BLS. 101–123

1. Lestu vel ljóðið *Vetrardagur* eftir Stefán Hörð Grímsson á bls. 101.
 - *Hvaða lýsingar eru myndrænar? Nefndu þau dæmi sem þú finnur.*
 - *Hvaða persónugervingar eru í ljóðinu?*
 - *Hverju er Stefán að lýsa í fyrstu fjórum erindunum? Reyndu að lýsa því með einni málsgrein.*
 - *Hvernig skilur þú síðasta erindið?*

2. Ef þér væri sagt að ljóðið *Ljósín í kirkjunni* eftir Einar Braga á bls. 101–102 væri að lýsa jarðarför ungrar manneskju hvað væri þá hægt að tína til til að sýna fram á að svo væri?
3. Í byrjun ljóðsins *Vetrardagur* eftir Jón úr Vör á bls. 102–103 gengur maður niður brekku og leiðir lítinn dreng. Í lok ljóðsins eru þessir tvímenningar báðir orðnir að mönnum og ganga brekkuna upp.
 - *Hvað getur brekkan táknað í ljóðinu?*
 - *Hvers vegna er strákurinn litli orðinn að manni í lok ljóðsins?*
 - *Hvað er það sem gerist hjá kaupmanninum?*
4. Lestu ljóðið *Í helli Loka* eftir Hannes Pétursson á bls. 103.
 - *Hverju úr goðafræðinni er ljóðið að lýsa?*
 - *Er hægt að tengja eitthvað úr ljóðinu við samskipti manns og jarðar?*
5. Lestu ljóðið 37 eftir Hanes Pétursson á bls. 103–104.
 - *Lýstu því hvernig þú túlkar ljóðið.*
6. Lestu ljóðið *Aldarháttur* eftir Þorstein frá Hamri á bls. 105–106.
 - *Segðu með þínum orðum hvernig gjörðir einnar manneskju geta haft áhrif á líf annarrar.*
7. Lestu ljóðin þrjú *Mynd eftir barn (2,25cm, blýantur og saxkrí)*, *Öskubuska* og *Orð* eftir Dag Sigurðarson á bls. 121–123.
 - *Veldu eitt ljóðanna, segðu hvað þér finnst það vera að segja lesandanum og af hverju þú valdir tiltekið ljóð.*
8. Lestu vel smásöguna *Saga handa börnum* eftir Svövu Jakobsdóttur á bls. 106–112.
 - *Hvert er umhverfi sögunnar, þ.e. hvar gerist sagan að mestu leyti?*
 - *Hvaða álit hefur konan á sjálfri sér og hvað segir það lesandanum um sjálfsmynd hennar?*
 - *Hvernig koma börnin hennar fram við hana? Nefndu dæmi.*
 - *Lýstu líðan konunnar eftir heilamissinn, hefur eitthvað breyst?*
 - *Hvernig kemur eiginmaður konunnar fram við hana? Lýstu stuttlega sambandi hjónanna.*
 - *Hvernig koma börnin fram við mömmu sína þegar þau eru orðin fullorðin?*
 - *Til hvaða bragðs grípur konan í lok sögunnar og í hvaða tilgangi gerir hún það?*

- Hvað er líkt með upphafi og endi sögunnar? Er hægt að segja að þessir tveir kaflar kallist á? Ef svo er, hvernig?
 - Athugið að sagan kom út 1967 og margt hefur breyst síðan þá. Hvað er ólíkt með stöðu íslenskra kvenna þá og nú?
 - Er eitthvað í sögunni sem gæti endurspeglað samband foreldra og barna í dag? Rökstyddu svarið.
9. Lestu vel smásöguna *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* eftir Ástu Sigurðardóttur á bls. 112–121.
- Segðu örstutt frá því sem er að gerast í byrjun sögunnar.
 - Hvaða hugmynd fær lesandinn um sögumann út frá þessari byrjun?
 - Hvar gerist sagan og á hve löngum tíma?
 - Um hvaða atburð/atburði snýst sagan?
 - Berðu saman líðan sögupersónunnar í byrjun og lok sögunnar.
 - Berðu saman framkomu sögupersóna við Ástu, aðalsögupersónuna. Er hægt að útskýra þessa mismunandi framkomu út frá stöðu fólksins í þjóðfélaginu?
 - Hvaða áhrif hefur það á lesandann að sagan er sögð í 1. persónu og aðalsöguhetjan heitir Ásta eins og höfundur smásögunnar?
 - Hvaða áhrif hafði sagan á þig? Er einhver hluti af sögunni sem þér fannst sérstaklega athyglisverður?
 - Hvernig getur efni sögunnar tengst umræðunni í samtímanum um „slutshaming“ (druslustimplun)?

Bókmenntir eftir 1968

Tímabilið frá 1968 til nútímans er vitanlega víðfemt og ótal skáld og rithöfundar á sjónarsviðinu. Það hefur komið skýrt fram að námsefninu er ekki ætlað að gera öllu og öllum skil enda er slíkt ógerningur. Hér er því farin sú leið að velja fulltrúa fyrir tímabilið og varpa þannig ljósi á þá miklu gerjun sem á sér stað, bæði í ljóðum og skáldskap.

Eftir sem áður en nauðsynlegt að setja nemendur inn í það samfélag sem um ræðir á tímabilinu og kynna til sögunnar nokkrar stefnur þess. Þetta er hægt að gera með ýmsum hætti. Kennari getur nýtt sér stiklur á glærum með áherslupunktum, komið af stað umræðum og nýtt sér myndbrot um ýmislegt er tengist þessum tíma. Einnig er hægt að láta nemendur grúska í hópum og kynna fyrir samnemendum hitt og þetta sem á við tímabilið í heild eða ákveðna hluta innan þess.

Sú kennslufræðilega nálgun sem er að finna í þessu námsefni tekur töluvert til þess að nemendur vinni fjölbreytt verkefni, einir, í pörum eða í hópum. Eftir sem áður er áhersla á að örva lestur og skilning á efninu, þjálfar nemendur í að draga sjálfstæðar ályktanir út frá því sem þeir lesa, ýta undir lifandi flutning þeirra eins og upplestur á bréfunum og síðast en ekki síst að leggja áhersla á ýmiss konar skapandi verkefni.

SPURNINGAR ÚR MEGINTEXTA OG BRÉFUM

1. Lestu vel kaflann sem heitir *Samfélagslegur bakgrunnur* á bls. 125.
 - *Í kringum 1968 gerðist margt í hinum vestræna heimi sem hafði áhrif á hugsanagang og viðhorf fólks. Segðu stuttlega frá tveimur hreyfingum sem þá urðu til.*
 - *Hvað gerðist á Íslandi 24. október 1975?*
2. Lestu vel kaflann sem heitir *Nýraunsæi* á bls. 125–126.
 - *Rökstyddu hvers vegna skáldsagan *Eldhúsmellur* eftir Guðlaug Arason telst til nýraunsæisstefnunnar. Nefndu líka hugsanlega ástæðu þess að bókin fór fyrir brjóstið á mörgum.*
3. Lestu vel kaflann *Listaskáldin vondu* og umfjöllunina um Pétur Gunnarsson á bls. 126–128.
 - *Hvaða hétu skáldin sem kölluðu sig „Listaskáldin vondu“ og hvaða eftirminnilegu upþákomu stóðu þau fyrir?*

- *Hvers vegna telur þú að bækur Péturs Gunnarssonar um strákinn Andra hafi orðið svona vinsælar?*
 - *Hvernig hefur rithöfundurinn Pétur Gunnarsson notað skáldagáfu sína í þágu eldri skáldbræðra?*
4. Lestu vel umfjöllunina um Þórarin Eldjárn á bls. 128–131.
- *Hver er Þórarinn Eldjárn? Skrifaðu stutta lýsingu á skáldinu og verkum hans.*
5. Lestu vel umfjöllunina um Megas á bls. 133–137.
- *Nefndu nokkur umfjöllunarefni Megasar í verkum hans.*
 - *Hvers vegna voru ekki allir sáttir við textana hans? Finnst þér það skiljanlegt? Af hverju?*
 - *Hvernig skilur þú texta Megasar um Jónas Hallgrímsson á bls. 135.*
6. Lestu vel kaflann sem heitir *Fleiri höfundar í nýraunsæi* á bls. 138.
- *Hver er höfundur barnabókarinnar Jón Oddur og Jón Bjarni og hvenær kom hún út?*
 - *Segðu stuttlega frá henni.*
7. Lestu vel kaflann *Fleiri höfundar í nýraunsæi* á bls. 138–144.
- *Hver skrifaði skáldsöguna Englar alheimsins og að hvaða leyti var hún tíma-mótaverk?*
8. Lestu vel umfjöllunina um Einar Má Guðmundsson og Einar Kárason á bls 140-144.
- *Er eitthvað líkt með þessum höfundum?*
9. Lestu vel bréfið hans Einars Más á bls. 140-142
- *Segðu stuttlega frá efni ljóðanna í bréfinu og hvernig það virkar á þig?*
 - *Í bréfinu frá Einari Má segir hann meðal annars: „Þannig er maður alltaf að læra eitthvað nýtt þegar maður skrifar.“ Útskýrðu með eigin orðalagi hvað hann á við.*
10. Lestu vel kaflann um *töfraraunsæi* á bls. 144.
- *Hvernig skilur þú orðið töfraraunsæi?*
 - *Hver eru helstu einkenni töfraraunsæis?*
 - *Nefndu tvo íslenska rithöfunda sem hafa skrifað í anda töfraraunsæis.*
11. Lestu vel kaflann *Íslenska glæpasagan* á bls. 148-152 og umfjöllunina um Arnald Indriðason og Ýrsu Sigurðardóttur.
- *Segðu stuttlega frá þessum tveimur „frægustu“ glæpasagnahöfundum landsins.*

12. Lestu vel umfjöllunina um Guðrúnu Helgadóttur á bls. 149–151.
- *Hvað gaf Guðrúnu innblástur til að skrifa þrileikinn, Sitji guðs englar, Saman í hring, Sænginni yfir minni?*
13. Lestu vel kaflann um *Barnabókmenntir* og bréfið frá Sif Sigmarsdóttur á bls. 148–152.
- *Bréfið hefst á orðunum Bréf þetta er játning;*
 - *Hvað er það sem bréfitari er að jata?*
 - *Ertu sammála skoðunum Sifjar sem koma fram í bréfinu? Rökstyddu svarið.*
14. Lestu vel kaflann um Medúsaþóppinn og umfjöllunina um Sjón á bls. 156–158.
- *Flettu upp merkingunni á orðinu Medúsa. Hver er hún?*
 - *Hvers vegna heldur þú að hópurinn hafi kallað sig þessu nafni?*
 - *Nefndu nokkrar staðreyndir um Medúsaþóppinn.*
 - *Um hvað finnst þér ljóðið eftir Sjón vera sem er á bls. 158. Hvernig skilur þú endinn á ljóðinu?*
15. Lestu vel umfjöllunina um Gerði Kristnýju á bls. 158–160.
- *Rökstyddu eftirfarandi fullyrðingu: „Staða konunnar er Gerði hugleikin, bæði fyrr og nú.“ Vísaðu í textann í rökstuðningi þínum.*
 - *Í ljóðinu Guð yrkir Gerður um ímyndaðan dauða sinn og notar skemmtilegt myndmál. Hvaða tvo hluti biður hún Guð að gera?*
 - *Notaðu eitt orð til að lýsa stemningunni í ljóðinu Guð.*
16. Lestu vel bréf Gerðar Kristnýjar á bls. 160–161.
- *Í bréfinu frá Gerði talar hún mikið um norræna goðafræði og mikilvægi hennar. Hvernig túlkar hún söguna um Frey og Gerði og hvers vegna vill hún segja sögu Gerðar?*
17. Lestu vel umfjöllunina um Auði Jónsdóttur á bls. 162–163.
- *Hvaða fjögur atriði um rithöfundinn Auði Jónsdóttur finnst þér merki- legust? Rökstyddu svarið.*
18. Lestu vel umfjöllunina um Andra Snæ Magnason á bls. 164–166.
- *Andri Snær skrifaði Bónusljóð í samvinnu við verslunardejuna Bónus og varð bókinn mjög vinsæl. Lýstu stuttlega hvernig hún er byggð upp.*
 - *Hvers vegna heldur þú að bókinn hafi orðið svona vinsæl?*
 - *Hvernig skilur þú Bónusljóðið eftir Andra á bls. 165? Hvernig túlkar þú endinn?*
 - *Andri Snær er mikill umhverfissinni. Segðu stuttlega frá tveimur bókum eftir hann sem fjalla á einhvern hátt um umhverfismál.*

19. Lestu vel umfjöllunina um Kristínu Svövu Tómasdóttur á bls. 168–169.

- *Hver er að þínu mati kjarninn í bréfinu hennar Kristínar Svövu?*
- *Ertu sammála eða ósammála því sem þar kemur fram?*
- *Er hægt að skilja ljóð Kristínar Morgunn á fleiri en einn veg?*
- *Hvaða áhrif hefur þetta ljóð á þig?*

20. Lestu vel *Að leiðarlokum* eftir Dag Sigurðarson á bls. 170–171.

- *Hvaða tilfinningar eða hugrenningar kallar ljóðið Hugsjón fram hjá þér?*

SKAPANDI VERKEFNI

Kynning á litríkum skáldum

- *Kynningin á að vera litrík og skemmtileg!*
- *Dregið er um skáld og 2-3 vinna saman*
- *Hægt er að hugsa sér að þrjár kennslustundir fari í verkefnið*
- *Hugmynd að vinnuuppleggi en nemendum er auðvitað frjálst að skipuleggja sig á annan hátt:*
 - *1. tími: nemendur draga skáld, ræða upplegg, byrja að leita að upplýsingum og fleira.*
 - *2. tími: nemendur fara á bókasafnið ef vill, skoða ljóðabækur/ skáldverk eftir skáldið og velja dæmi. Hérna geta nemendur líka stuðst við kennslubók og/eða netið.*
 - *3. tími: nemendur leita að myndbrotum og fleira um skáldið, taka sjálfir viðtal við það, velja úr og setja kynninguna saman*
- *Hver kynning á að taka um 15 mínútur.*
- *Sýna verk/brot úr verkum eftir skáldið sem ykkur finnst flott*
- *Flétta inn í kynninguna myndbrotum um skáldið, t.d. upplestur skáldsins, viðtali við það, umfjöllun um skáldið, brot úr flutningi á verkum þess og fleira.*
- *Þið getið einnig tekið sjálf viðtal við skáldið ef vill.*

Dæmi um litrík skáld

Ásta Sigurðardóttir

Dagur Sigurðarson

Megas

Guðrún Helgadóttir

Pórarinn Eldjárn

Einar Már Guðmundsson

Einar Kárason

Auður Jónsdóttir

Andri Snær

Gerður Kristný

Kristín Svava Tómasdóttir

Þar sem um litrík skáld er að ræða sem mikið hefur verið fjallað um á opinberum vettvangi í gegnum tíðina, eins og t.d. í Kiljunni og víðar, er ætlast til að kynningin ykkar sé líka litrík.

Þið getið gert kynninguna ykkar litríka með því til dæmis að:

- *Hafa hana EKKI upptalningarlega*
- *Velja punkta um skáldið sem ykkur finnst áhugaverðir og viljið deila með bekknum*

Töfraraunsæi

Verkefni úr töfraraunsæi, hægt að vinna ein, í pörum eða hóp, lágmark ein blaðsíða.

- *Skrifið örsögu eða prósa í töfraraunsæisstíl.*
- *Þið getið blandað saman draumum og raunveruleika, mörkum milli dauða og lífs, sturlun og skýrleika og fleira.*
- *Hafið í huga aðaleinkenni hefðbundins raunsæis og nýraunsæis og blandið töfraraunsæinu saman við. Húmorinn má alveg vera til staðar ef því er að skipta.*

Ádeila – einstaklingsverkefni

- *Lesið vel textana á bls. 173–187.*
- *Skoðið hvað skáldin eru að gagnrýna og hvernig þau nota myndmál, húmor og fleira til þess að koma efninu á framfæri.*
- *Veljið einn texta og notið hann sem innblástur eða fyrirmynd. Skrifið svo nýjan texta sem má vera ljóð, smásaga, örsaga eða jafnvel upphaf að einhverju stærra.*

- *Hafið í huga að vanda málfar og nýta ykkur það sem þið hafið lært um myndmál og einkenni mismunandi stíla.*

Textar og tónlist – hópverkefni

- *Veljið íslenskan tónlistarmann/konu eða hljómsveit sem flytur texta á íslensku. Veljið síðan einn texta eftir þann höfund.*
- *Skrifið hjá ykkur upplýsingar um höfundinn og lagið sem þið völduð. Veltið fyrir ykkur myndmáli í textanum, hvar er persónugerving, hlutgerving og myndhverfing? Er rím? Ádeila? Súrrealismi?*
- *Hvernig finnst ykkur lag og texti passa saman?*
- *Hvers vegna völduð þið þennan texta?*
- *Flytjið lagið sem þið völduð í tíma.*

VINNA MEÐ TEXTADÆMI Á BLS. 173–187

1. Lestu brotið úr *Sitji guðs englar* eftir Guðrúnu Helgadóttur á bls. 174.
 - *Hvernig var lífið á þessu heimili? Semdu örstuttan útdrátt úr brotinu með þínum orðum.*
2. Lestu ljóðið *Ungfrú Reykjavík* eftir Megas á bls. 174–175.
 - *Finndu lagið við textann á Youtube. Hvernig finnst þér lag og texti passa saman? Rökstyddu.*
 - *Hvernig dömu er Megas að lýsa? Lýstu persónuleikanum í stuttu máli.*
 - *Tengir þú við eitthvað í textanum? Rökstyddu svarið.*
3. Lestu ljóðið *Paradísarfuglinn* eftir Megas á bls. 176.
 - *Nefndu þrjú orð sem þér detta fyrst í hug eftir lesturinn. Rökstyddu svarið.*
4. Lestu ljóðið *Samhengi hlutanna I* eftir Einar Má Guðmundsson á bls. 177.
 - *Hvaða samhengi er Einar að lýsa í ljóðinu í fyrstu tveimur erindunum?*
5. Lestu ljóðið *Jólaljóð* eftir Einar Má Guðmundsson á bls. 177.
 - *Hver er ádeilan í ljóðinu?*
6. Lestu brotið úr *Þar sem djöflaeyjan rís* eftir Einar Kárason á bls. 178.
 - *Hvaða tilfinningar ber Tommi í garð fóstursona sinna, þeirra Badda og Danna?*
 - *Hvernig samsamar Tommi sig við hegðun Badda?*

7. Lestu ljóðin *Úr Sjónhverfingabókinni* og Varalitur eftir Sjón á bls. 178–179.
- *Finnst þér eitthvað líkt með þessum ljóðum? Rökstyddu svarið.*
 - *Hvað er súrrealískt við fyrra ljóðið?*
 - *Hvernig skilur þú seinna ljóðið?*
 - *Semdu ljóð í svipuðum dúr og Varalitur en kallaðu þitt ljóð Maskari.*
8. Lestu ljóðin *Ævintýri á fjöllum* og *Ættjarðarljóð* eftir Gerði Kristnýju á bls. 179–180.
- *Veldu ljóðið sem höfðar meira til þín og segðu örstutt frá því um hvað þér finnst ljóðið sem þú velur vera.*
9. Lestu ljóðin *Hetjan* og *Vonbrigði* eftir Andra Snæ Magnason á bls 181.
- *Segðu í stuttu máli hvernig skáld þér finnst Andri Snær vera og rökstyddu það með því að vísa í þessi verk.*
 - *Hjálparpunktur: Finnst þér hann auðskiljanlegur, notar hann mikið myndmál, er ádeila í ljóðunum hans, eru ljóðin þunglyndisleg, er húmor í verkunum, teflir hann saman gömlu og nýju og fleira?*
 - *Semdu lag við þessi tvö ljóð.*
10. Lestu vel textabrotin þrjú eftir Auði Jónsdóttur, Arnald Indriðason og Yrsu Sigurðardóttur á bls. 182-184.
- *Ef þú ættir að velja út frá þessum brotum eina bók til að lesa í heild sinni hvaða bók myndirðu velja?*
 - *Af hverju verður hún fyrir valinu?*
 - *Af hverju ekki hinar?*
11. Lestu vel ljóðin *Ég dreg mörkin* og *Stormviðvörun* eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur á bls 185-187.
- *Hvaða aðferðum beitir Kristín í ljóðinu Ég dreg mörkin til að ná athygli lesandans?*
 - *Hver er kjarninn í því ljóði að þínu mati? Gefur endir ljóðsins einhverja vísbendingu um það?*
 - *Hvernig líður ljóðmælandanum í ljóðinu Stormviðvörun? Rökstyðjið.*
 - *Hvernig beitir Kristín Svava myndmáli til að ná fram stemningunni í því ljóði? Nefndu dæmi.*
 - *Hvernig túlkar þú endinn á ljóðinu?*

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is